

Breytingar á IFRS-staðli 1, *inleiðing alþjóðlegra reikningsskilastaðla***Ríkislán**

Liðunum 39N og 39O er bætt við og B1 er breytt.

- 39N Með *Ríkislán* (breytingar á IFRS-staðli 1), útgefnum í mars 2012, var liðunum B1 (f-liður) og B10-B12 bætt við. Eining skal beita þessum liðum að því er varðar árleg tímabil sem hefjast 1. janúar 2013 eða síðar. Heimilt er að taka breytingarnar upp fyrr.
- 39O Liðir B10 og B11 vísa til IFRS-staðals 9. Beiti eining þessum IFRS-staðli þó hún beiti ekki enn IFRS-staðli 9 ber að lesa tilvísanirnar í liði B10 og B11 í IFRS-staðli 9 sem tilvísanir í IAS-staðal 39, *fjármálagerningar: færsla og mat*.
- B1 Eining skal beita eftirfarandi undantekningum:
- a) afskráning fjáreigna og fjárskulda (liðir B2 og B3),
 - b) áhættuvarnarreikningsskil (liðir B4-B6) og
 - c) hlutir sem ekki eru ráðandi (liður B7),
 - d) flokkun og mat fjáreigna (liður B8),
 - e) innbyggðar afleiður (liður B9) og
 - f) ríkislán (liðir B10-B12).

Á eftir lið B9 er nýrri fyrirsögn og liðum B10–B12 bætt við.

Ríkislán

- B10 Notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn, skal flokka öll ríkislán sem fengin eru, sem fjárskuldbindingu eða eiginfjárgerðing í samræmi við IAS-staðal 32, *fjármálagerningar: upplýsingar og framsetning*. Að undanskildu því sem er heimilað í lið B11 ber notanda, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn að beita kröfunum í IFRS-staðli 9, *fjármálagerningar* og IAS-staðli 20, *færsla opinberra styrkja og upplýsingar um opinbera aðstoð* framvirkt á ríkislán sem voru til á umbreytingadegi í IFRS-staðla og skal ekki færa samsvarandi ávinning af ríkisláni á vöxtum sem eru undir markaðsvöxtum sem opinberan styrk. Af þessum sökum, ef notandi, sem beitir stöðlunum í fyrsta sinn hefur ekki fært og metið ríkislán á vöxtum undir markaðsvöxtum á þeim grunni sem samræmist kröfum alþjóðlegra reikningsskilastaðla, samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem áður var fylgt, skal hann nota bókfært verð láns á þeim degi, sem skipt var yfir í IFRS-staðla samkvæmt góðri reikningsskilavenju sem bókfært verð lánsins í upphafsefnahagsreikningi samkvæmt IFRS-stöðlum. Eining skal beita IFRS-staðli 9 við mat slíkra lána eftir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla.
- B11 Þrátt fyrir lið B10 getur eining beitt kröfunum í IFRS-staðli 9 og IAS-staðli 20 framvirkt á sérhvert ríkislán sem varð til fyrir þann dag sem skipt var yfir í IFRS-staðla, að því tilskildu að upplýsingarnar sem nauðsynlegar eru þess vegna hafi legið fyrir þegar þau lán voru upphaflega færð.
- B12 Kröfur og leiðbeiningarnar í liðum B10 og B11 útiloka einingu ekki frá því að geta notað undanþágurnar sem lýst er í liðum D19-D19D varðandi auðkenningu fjármálagerninga á gangvirdi sem hafa áður verið færðir í rekstrarreikning.